

1866.

1. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hefir veitt yður, fyrst og fremst sem styrk til að semja rit þetta og búa það undir prentun, 16 ríkisdali fyrir hverja örk, og þarnæst sem styrk til að gefa það út sömuleiðis 16 rd. fyrir hverja örk, og mun styrkur þessi verða borgaður yður fyrir hvern part sérilagi, á þann hátt, að styrkurinn til að semja hann og búa undir prentun verður borgaður fyrirfram fyrir hvern part um sig, og styrkurinn til að gefa hann út, undir eins og bóúð er að prenta hann. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir farið eptir áætlun yðar um, hversu langt ritið muni verða, og hlutast til um, að yður verði borgaðir 160 rd. úr aðalféhirzlunni hér í bænum, og er það styrkurinn til að semja fyrri part ritsins og búa hann undir prentun.

1. maí.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.

Í bréfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt Torfa Bjarnasyni úr Húnavatnssýslu 50 ríkisdali úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, til þess að styrkja hann til að ferðast til Skotlands og leggja þar stund á landbúnað.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að styrkur þessi hefir verið veittur.

3. maí.

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á „Anabasis Xenofons“.

Með bréfi dagsettu 4. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænaraskrá frá Halldóri Fríðrikssyni, keunara við Reykjavíkur lærða skóla,